

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. mars 2021 í máli nr. 92/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 27. nóvember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu í þágu sóknaraðila.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi óskað eftir þjónustu varnaraðila við pípulagnavinnu á baðherbergi í fasteign sóknaraðila. Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila vegna þjónustunnar hafi verið hærri en eðlilegt geti talist. Þá hafi varnaraðili krafist greiðslu fyrir verk sem ekki voru unnin í þágu sóknaraðila heldur nágranna sóknaraðila, sem nágranna sóknaraðila hafi einnig verið gert að greiða fyrir.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, þó ekki ágreinings sem er til meðferðar hjá dómstólum eða dómur hefur gengið um, sbr. 3. gr. laganna. Hlutverk kærunefndar vöru- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 81/2019 er að leysa deilur utan dómstóla. Ef mál er rekið fyrir dómi ber nefndinni, samkvæmt ummælum í frumvarpi við 3. gr. laganna, að vísa kvörtun frá efnislegri meðferð af þeirri ástæðu að ágreiningurinn fellur utan gildissviðs laganna. Samkvæmt c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað kvörtun frá þegar ágreiningur er eða hefur verið til umfjöllunar dómstóla. Markmið frávísunar í slíkum tilvikum er að koma í veg fyrir að fjallað sé um sama ágreining á fleiri en einum vettvangi.

Varnaraðili hefur höfðað mál gegn sóknaraðila fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafist greiðslu þeirrar kröfu sem deilt er um í máli þessu. Liggur fyrir að ágreiningur máls þessa er nú til meðferðar hjá dómstólum. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson